

- Félagsfundur 9.janúar 2019

Fundargerð

Öldungadeildar LÍ 09. 01. 2019.

- Fundarefni: Áhættumat erfðablöndunar. Hve mikið af frjóum laxi er hægt að ala og hvar?

Fyrirlesari: Ragnar Jóhannsson sviðsstjóri hjá Hafrannsóknarstofnun, rannsóknna og ráðgjafastofnun hafs og vatna.

Að lokinni kaffi- og vinarbrauðshressingu setti Kristófer Þorleifsson formaður fundinn og minntist í upphafi félaga sem látist hafa frá síðasta fundi. **Valgarður Egilsson** frumumeinafræðingur, prófessor og margsháttar listamaður er lést 17. desember 2018. **Sigurður Björnsson** lyflæknir, sérfræðingur í meltingasjúkdómum lést 10. janúar sl. og **Jón Sigurðsson** svæfingalæknir er lést 15. janúar sl. Heiðruðu fundarmenn minningu þeirra með því að rísa úr sætum. Kynnti K.Þ. síðan starfsferil fyrirlesara dagsins nokkrum orðum.

Ragnar benti á að um 64 veiðiár séu á landinu sem hafa meira en 100 laxa og einn stofn í hverri á. Laxeldi í sjó hefur aðeins verið leyft í fjörðum vestfjarða og austfjarða og í þá firði falla fáar og smáar laxveiðiár. Eldið byggir á seiðaframleiðslu Stofnfisks, sem framleiðir hrogn af norskættuðum stofni. Hægt er að rekja úr hvaða kví sleppifiskar hafa sloppið og hafa flestir veiðst nálægt eldiskvínni. Fundist hafa merki um afkomendur sleppilaxa hérlendis þó ekki séu þeir margir.

Gera þarf ráð fyrir að 2 – 4 x fleiri laxar sleppi úr kví en tilkynnt er. Hefðbundin sjógönguseyði eru duglegri til æxlunar en fiskar sem sleppa úr kvíum.

Sjálfbært fiskeldi: 1. Setja mörk á eldsimagn á hverju svæði. 2. Staðlar fyrir fiskeldisbúnað í sjó. 3. Útsetning stórseiða. 4. Gott ástand sé á náttúrulegum stofnum. 5. Notkun á geldfiski. A) Þrílitnun á fiski. B) Bólusetning fyrir kynþroska. C) Framleiðsla á afkvæmalausum fiski með genastýringu, (hánun laxfiska!!!).

Fyrirlesari svaraði fyrirspurnum á lærdan hátt.

Formaður afhenti fyrirlesara þakkarskjal og bókargjöf að lokum og sleit síðan fundi. Almenn ánægja virtist vera meðal fundarmanna með fyrirlesturinn.

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari